

# Dýrkeypt námsferð

Ég vil þakka stjórn Gedhjálpar fyrir fræðsluþætti þá, sem félagið er með í Morgunbladinu. Ég hef lengi bedið eftir þáttum sem þessum. Enginn sjúklingahópur þarf að berjast við fordóma í jafn ríkum mæli og ged-sjúklingar. Það er skoðun mín að fordómar stafi af þekkingarleysi. Það er von mín að sérfræðingar í gedlækningum, aðstandendur og gedsjúklingar sjálfir leggi til skrif í þessa þætti. Ég skrifa sem aðstandandi.

Sonur minn fór til Kaupmannahafnar 17 ára gamall til að vinna og fara í kvöldskóla, en hann hafði áhuga á myndlist. Af og til fengum við fregnir af honum og ekki var annað að heyra en allt væri edlilegt. Er hann hafði dvalið þar í ein tvö ár, gafst okkur hjónum tækifæri til að fara til Hafnar og hittum við þar son okkar. Þar hófst okkar þíslarganga því hann var þar kominn í eiturfylf og var ástand hans heldur bágborið.

Við fengum soninn þó til að koma heim með okkur og óskaði hann þá eftir að fara til sálfræðings. Eftir nokkur viðtöl komst sálfræðingurinn að þeirri niðurstöðu að þetta væri allt okkur að kenna, en ég vil geta þess hér að við hjónin eigum 3 önnur börn, sem öll hafa komið sér vel fyrir í þjóðfélaginu. Hann hafði ekki fengið annað uppeldi en þau að neinu leyti og fannst okkur þetta heldur einföld niðurstæða. Við vorum um tíma haldin mikilli sektarkennd en ég held einmitt



að það sé oft hlutskipti aðstandenda gedsjúkra að þurfa að búrðast með slíkt.

Ekki fannst syni mínum hann fá mikla hjálp frá sálfræðingnum og hætti hann að mæta í viðtölin. Hann stundaði illa vinnu, átti erfitt með að einbeita sér, honum gekk illa að vakna á morgnana og fannst allt ómögulegt og allir ómögulegir. Hann ráfadi mest um göturnar í annarlegu ástandi. Honum virtist auðvelt að ná sér í vímuefni, ýmist voru þetta læknislyf, sem hann misnotaði, eða eitrefni ólöglega komin inn í landið. Svo fór að hann var lagður inn á gedsjúkrahús. Létti allri fjölskyldunni og voru allir vongóðir um að nú fengi hann bata. En mikil hafa vonbrigði okkar orðið.

Ekki hefur vantað á að sonur okkar hafi fengið aðstoð allskonar sérfræðinga, en því miður hefur það ekki hjálpað honum. Við höfum ekki verið sátt við þá meðferð, sem hann hefur fengið. Meðferðin gengur aðallega út á það að fá hann til að gera eitt-hvað sjálfan en þó er vitað að hann veit ekkert hvað hann vill.

Hann hefur farið margar ferðir inn á gedsjúkrahús, ýmist verið útskrifaður heim eða í herbergi úti í bæ, en alltaf endurtekur sig sama sagan. Hann hættir að þrifa sig og borðar ekki nema stöku sinnum. Einn af gedlæknunum, sem hafa stundað hann, sagði okkur að hann væri með persónuleikagalla, sem hefðu komið fram við eiturfylfjaneyslu hans, og væri því mjög lítið hægt að gera fyrir hann. Þetta finnst okkur mjög trúlegt og höfum við margoft farið fram á að hann verði vistadur á stofnun til nokkurra ára. Erum við þá bæði að hugsa um að hann fari sér ekki að voða og sömuleiðis að hann skaði ekki aðra, því stundum veit hann ekki hvað hann gerir.

Faðir hans og systkini hafa nú gefist upp, ég hef það reyndar líka, en ég fæddi þennan pilt og ég ann honum eins og systkinum hans. Þó hefur þeirri hugsun oft skotið að mér að gefa honum allan lyfjaskammtinn sinn þegar hann er verstur. Ég veit vel að þetta er skelfilegt en svona er þetta nú einu sinni. Nú er þessi piltur 22 ára og ég spyr, hver á að bera ábyrgð á svona einstaklingum? Ég veit um aðstandendur, sem eru í sama vítahringnum og við en við höfum aldrei talað neitt saman, við göngum með hausinn niður í bringu þegar við heimsækjum þá á gedsjúkrahúsin ef við heimsækjum þá yfirleitt. Við erum yfirþrúguð af sektarkennd og skómm.